

Fundargerð

Aðalfundur Skólaskrifstofu Austurlands haldinn föstudaginn 23. nóvember 2018, kl. 13:10 á Borgarfirði.

Mættir: Björn Ingimarsson fh. Fljótsdalshéraðs, Þóroddur Helgason fh. Fjarðabyggðar, Hildur Þórisdóttir fh. Seyðisfjarðarkaupstaðar, Lárus Heiðarsson fh. Fljótsdalshrepps, Jón Þórðarson fh. Borgarfjarðarhrepps, Þór Steinarsson f.h. Vopnarfjarðarhrepps, Gauti Jóhannesson fh. Djúpavogshrepps og Sigurbjörn Marinósson forstöðumaður Skólaskrifstofu Austurlands.

Dagskrá:

1. Setning

- a. Fráfarandi formaður Skólaskrifstofu Austurlands Jón Þórðarson setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna og gekk síðan til dagskrár.

2. Kosning fundarstjóra og fundarritara

- a. Lögð var fram tillaga um Jón Þórðarson sem fundarstjóra og Sigurbjörn Marinósson sem fundarritara og var það samþykkt samhljóða.

3. Skýrsla stjórnar

- a. Jón Þórðarson flutti munnlega skýrslu stjórnar.

4. Ársreikningur SKA 2017

- a. Forstöðumaður lagði fram ársreikning 2017 fram en reikningurinn er þegar áritaður af stjórn, forstöðumanni, skoðunarmönnum og endurskoðenda.
- b. Helstu niðurstöðutölur fyrir árið 2017 eru:
- c. Rekstrartekjur: 661.189.943,-
- d. Rekstrargjöld: 665.801.037,-
- e. Rekstrarniðurstaða eftir fjármagnsliði: (kr. 2.285.246,-)
- f. Forstöðumaður skýrði ársreikninginn og svaraði því sem fundarmenn óskuðu eftir. Ársreikningurinn samþykktur samhljóða.

5. Fjárhagsáætlun 2019

- a. Forstöðumaður lagði fram fjárhagsáætlun fyrir árið 2019 og útskýrði. Gert ráð fyrir að framlög sveitarfélaga verði kr. 67.391.993,- Tekjur og framlög, samtals kr. 681.491.993, rekstrargjöld samtals kr. 687.491.993,- mismunur kr. 6.000.000,- verði greiddur úr sjóði.
- b. Fjárhagsáætlun samþykkt samhljóða.

6. Endurnýjun samnings um Sameiginlegt þjónustusvæði Austurlands um þjónustu við fatlað fólk.

Helsta breyting samningsins frá eldri samningi er gildistími hans en samningurinn gildir til 31.12. 2022.

Samningurinn var samþykktur og undirritaður af fundarmönnum.

7. Skoðunarmenn

Borin var upp eftirfarandi tillaga:

Aðalmenn: Þóroddur Helgason Reyðarfirði og Kristinn Briem Reyðarfirði.

Til vara: Andrea Borgþórsdóttir Reyðarfirði og Sigurlaug Jónasdóttir Egilsstöðum
Samþykkt samhljóða

8. Önnur mál

Rætt var um mönnun á Skólaskrifstofunni og hvort hún væri viðunandi. Fram kom hjá forstöðumanni að vöntun er á sálfræðistöðu miðað við núverandi biðlista og eftirspurn. Ekki gengur nægjanlega hratt að vinna þá niður miðað við fjölda beiðna sem berast og fyrir liggja. Þessi staða hefur verið viðvarandi undanfarin ár en almenn ánægja ríkir með störf núverandi sálfræðinga og það verklag sem unnið er eftir.

Fundarmenn voru sammála um að leita leiða til lausna og áframhaldandi umræðu í framkvæmdastjórn.

Fráfarandi formaður þakkaði fundarmönnum fyrir fundinn og fyrir gott samstarf og sleit fundi.

Fundarmenn þökkðu fundarstjóra fyrir fundinn og góðar móttökur.

Fundi slitið kl 13:45

Sigurbjörn Marinósson